

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-58/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa galla sem hún taldi vera á spíssum, sem keyptir voru af Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 16. desember sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a.: „Ef við á er nefndinni jafnframt heimilt að beina skriflega til aðila spurningum og beiðnum um framlagningu tiltekinna gagna.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftirtöldum gögnum og upplýsingum frá þér:

1) Kvittun eða reikning vegna viðgerðar sem Y. á að hafa gert á bifreiðinni oo-000 ár árinu 2009 þegar Z var eigandi bifreiðarinnar.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 31. desember n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni barst svar við ofangreindu bréfi hinn 6. janúar sl. Það gagn eða gögn sem beið var um í bréfi kæruneftndarinnar frá 16. desember sl., fylgdu ekki svarinu. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beið var um í bréfi nefndarinnar frá 16. desember sl.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir